



Séra Tómas Guðmundsson svæfir með eter á opna grímu (Esmarch grímu) við skurðaðgerð á sjúkrahúsinu á Patreksfirði 1968 eða 1969. Hann heldur grímunnni með vinstri hendi og virðist halda hökunnni fram en með hægri hendi lætur hann drjúpa á grisjuna úr eterdropaglasí. Hannes Finnbogason var læknir á Patreksfirði 1956 og kenndi prestinum þá að svæfa. Hægra megin á myndinni er kona að mæla blóðþrýsting en lækarnir Guðmundur Guðjónsson og Þórir S. Arinbjarnarson gera aðgerðina.

Mynd mánaðarins

Jón Sigurðsson

Kári Hreinsson

**Tómas
Guðbjartsson**

Ljósmyndari þessarar myndar er óþekktur en myndin er fengin að láni frá Minjasafni Egils Ólafssonar að Hnjóti í Örlygshöfn við Patreksfjörð og birt með góðfúslegu leyfi Sigurbjargar Ásgeirsdóttur safnstýru þar. Myndin er einnig notuð á veggspjaldi fyrir sameiginlegt vísindaping Skurðlæknafélags Íslands og Svæfinga- og gjör-gæslulæknafélags Íslands árið 2010.

Eter kom til sögunnar á Íslandi eftir aldamótin 1900 en fyrir þann tíma var klóróform eina svæfingarlyfið. Fram yfir miðja síðustu öld var gjöf eters og klóróforms í opna svæfingargrímu mikið notuð, klóróform einkum við stuttar svæfingar en eter við lengri svæfingar. Stundum var gefin blanda af klóróform og eter. Svæfingin var venjulega undir leiðsögn þess læknis sem aðgerðina gerði. Úti á landsbyggðinni fengu

héraðslæknar oft eiginkonur sínar til liðs við sig eða jafnvel einhverja handlagna menn úr sveitinni. Því má segja að svæfingar hafi oftast verið í höndum lítt reyndra lækna, læknanema, hjúkrunarkvenna, ljósmæðra eða leikmanna. Þótt hinn gamli góði eter hafi verið barn síns tíma (í langan tíma!) var hann þó á vissan hátt öruggt svæfingarlyf. Þetta voru þó ekki finar svæfingar. Sjúklingarnir sváfu oft klukkutímum saman eða jafnvel í nokkra daga eftir aðgerðir og leið oft mjög illa þegar þeir vöknudu. Eftir miðja öldina áttuðu læknar sig betur á nauðsyn góðra svæfinga. Með aukinni þekkingu og menntun, bættum útbúnaði og betri lyfjum voru gerðar meiri kröfur um öryggi og velferð sjúklinga. Hin nýju svæfingarlyf eru þó bara góð lyf í höndum þeirra sem fengið hafa sérstaka þjálfun í notkun þeirra.